

### **36. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Lög nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu eigi koma til framkvæmda um Norðursýsluumboð, heldur skal forstaða þess framvegis sem hingað til falin umboðsmanni, skipuðum af stjórnarráðinu. Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af eflirgjöldunum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í umboði þessu verður innan skamms, eftir því sem aðfer um sölu þjóðjarðanna, ekki annað óselt af þjóðjörðum, en þær, sem fyrirhugaðar eru til opinberra nota eða þar sem er útmæling á lóðum, eins og t. d. á Raufarhöfn, Kópaskeri og í Flatey. Verður stjórnin að telja það miður heppilegt, að fela hreppsstjórn í hverri sveit umsjón alla á slíkum eignum.